

**Ed.**

**172. Fyrirspurn**

**[128. mál]**

til samgönguráðherra um ákvarðanir byggingarnefndar strandferðaskipa varðandi smíði strandferðaskipsins Heklu.

Frá Tómasi Karlssyni.

1. Hvaða röksemdir eða ástæður lágu til þess, að byggingarnefndin vék frá upphaflegum smíðaáformum um Heklu og keypti aðra og óhagkvæmari gerð skipskrúfu, sem hafði í för með sér, að breyta þurfti byggingu skipsins og veikja styrktarbönd að aftan, auk þess sem setja varð stórt kasthjól á vélarás?
2. Hvers vegna var sú ákvörðun tekin að kaupa ljósavélar skipsins frá 3 framleiðendum í stað þess að kaupa þær í einu lagi?
3. Hvers vegna var ekki gengið tryggilega frá samningum um fullar bætur vegna galla við kaup á ljósavélum skipsins, þótt seljendur væru þrír?
4. Hvernig er háttáð ábyrgð slíkra byggingarnefnda, og þer Slippstöðinni hf. á Akureyri að taka á sig tjón og aukakostnað, sem af ákvörðunum byggingarnefndar hefur leitt? Hvernig hefur þeim kostnaði, sem hlotizt hefur af göllum, er fram hafa komið á Heklu, verið skipt?